

# Hinn takmarkalausi lækningamáttur vonarinnar

DIETER F. UCHTDORF FORSETI

annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

*Vonin á Guð, gæsku hans og kraft, lífga okkur með  
bugrekki í erfiðum vanda.*



**K**æru bræður og systur og vinir, hve dýrðlegur dagur að verða vitni að því að spámaður okkar tilkynni um fimm ný musteri. Hve dásamlegur dagur fyrir okkur öll.

Við lok síðari heimsstyrjaldarinnar var faðir minn kvaddur í þýska herinn og sendur til vestur vígstöðvanna, og móðir mín var ein um að annast fjölskylduna. Þótt ég væri aðeins

þrjú ára man ég enn eftir hungri og ótta þess tíma. Við bjuggum í Tékkóslóvakíu og með hverjum degi sem leið nálguðust styrjaldaráttökin og hættan jókst.

Hinn kalda vetur 1944 ákvað móðir mín að lokum að flýja til Þýskalands, þar sem foreldrar hennar bjuggu. Hún bjó okkur af stað og tókst einhvern veginn að koma okkur í eina síðustu flóttamannalestina í vesturátt. Hættulegt var að ferðast á þessum tímum. Alls staðar sem við fórum hljómuðu sprengingar og hrjád andlit og stöðugt hungur minnti okkur á að við vorum á átakasvæði.

Lestin stansaði öðru hverju á leiðinni til að taka birgðir. Eitt kvöldið við slíkt stopp fór móðir mín í flýti úr lestinni í leit að einhverjum mat handa fjórum börnum sínum. Þegar hún kom til baka sá hún sér til mikillar skelfingar að lestin og börnin voru horfin!

Þjökuð af áhyggjum og örvæntingu fylltist hjarta hennar af bæn. Hún leitaði í ofboði um þessa stóru og dimmu lestarstöð, hljóp yfir fjölda brautarteina í örvæntingarfullri von um að lestin hefði ekki farið burt.

Ég fæ sennilega aldrei að vita allt sem þaut um huga og hjarta móður minnar þessa dimmu nótt er hún leitaði í skuggalegri lestarstöðinni að týndum börnum sínum. Ég efa þó ekki að hún hafi verið skelfingu lostin. Ég tel víst að hún hafi hugleitt, að ef hún fyndi ekki lestina, gæti svo farið að hún sæi börn sín aldrei aftur. Ég veit með vissu: Trú hennar sigraði óttann og vonin sigraði örvæntinguna. Hún var ekki slík að hún sæti aðgerðalaus og harmaði. Hún framkvæmdi. Hún kom trú sinni og von í verk.

Og því hljóp hún af einum brautarteinunum yfir á aðra þar til hún að lokum fann lestina. Hún hafði verið færð yfir á afskekkt svæði á stöðinni. Og þar fann hún að lokum börn sín á ný.

Ég hef oft hugsað um þessa nótt og það sem móðir mín hlýtur að hafa liðið. Ef ég færi aftur í tíma og sæti við hlið hennar, myndi ég spyrja hana hvernig henni hafi tekist að halda áfram þrátt fyrir óttann. Ég myndi spyrja um trú og von og hvernig hún hafi sigrað örvæntinguna.

Slíkt er ekki unnt, en ef til vill gæti ég setið ykkur við hlið og við hlið hvers þess sem er fullur af örvæntingu og áhyggjum, eða einmana. Í dag langar mig að ræða við ykkur um takmarkalausán kraft vonarinnar.

## Mikilvægi vonar

Vonin er einn fóturinn á þrífóta stól, ásamt trú og kærleika. Þetta þrennt kemur stöðugu jafnvægi á lífi okkar, þrátt fyrir hið hrjúfa og óslétta yfirborði sem á vegi okkar verður. Ritningarnar eru skýrar og ákveðnar varðandi mikilvægi vonar. Páll postuli sagði að ritningarnar væru skráðar í þeim tilgangi að við “héldum von [okkar].”<sup>1</sup>

Vonin hefur mátt til að fylla okkur sælu.<sup>2</sup> En í fjarveru – þegar dregst að þessi þrá hjarta okkar rætist – getur það “[gjört] hjartað sjúkt.”<sup>3</sup>

Vonin er gjöf andans.<sup>4</sup> Hún er von um að fyrir friðþægingu Krists og mátt upprisunnar, munum við rísa upp til eilífs lífs, vegna trúar okkar á frelsarann.<sup>5</sup> Von þessi er bæði bundin loforðum og boðorðum,<sup>6</sup> og líkt og með öll boðorð, berum við þá ábyrgð að virkja hana í lífi okkar og sigrast á þeirri freistingu að missa vonina. Von á miskunnaráætlun okkar himneska föður um hamingju getur af sér frið,<sup>7</sup> miskunn,<sup>8</sup> fögnuð<sup>9</sup> og gleði.<sup>10</sup> Von hjálpræðis er líkt og verndarhjúpur,<sup>11</sup> og er grundvöllur trúar<sup>12</sup> okkar og akkeri sálar okkar.<sup>13</sup>

Moróní, í einangrun sinni – jafnvel eftir að hafa orðið vitni að algerri tortímingu þjóðar sinnar – trúði á vonina. Á hnignunarskeiði Nefítáþjóðarinnar ritaði Moróní, að án vonar gætum við ekki erft ríki Guðs.<sup>14</sup>

## En hvers vegna þá að örvænta?

Ritningarnar segja að „andstæður [séu] nauðsynlegar í öllu.”<sup>15</sup> Svo er einnig um trú, von og kærleika. Efi, örvænting og vanræksla við meðbræður og systur leiða okkur í freistingar sem geta valdið því að

við glötum vali okkar og dýrmætum blessunum.

Andstæðingurinn notar örvæntingu til að fjötra hjörtu og hugi í kæfandi myrkri. Örvæntingin sviptir okkur öllu sem er lifandi og gleðilegt og skilur eftir sig rústir einar af því lífi sem átti að verða. Örvæntingin drepur niður metnað, sýkir hugann, mengar sálina og deyðir hjartað. Örvæntingin getur virst sem stigi sem liggur aðeins og ævinlega niður á við.

Vonin, á hinn bóginn, er sem sól-argeisli er skín upp og yfir sjóndeildarhring núverandi aðstæðna. Hún smýgur í gegnum myrkrið í skínandi dagrenningu. Hún innblæs og hvetur okkur til að leggja traust okkar á ástúðlega umhyggju eilífs himnesks föður, sem greitt hefur veginn fyrir þá sem leita eilífs sannleika í heimi afstæðishyggju, ringulreiðar og ótta.

## Hvað er þá vonin?

Fjölbreytileiki málsins býður upp á ýmsar merkingar og styrkleika orðsins *vonar*. Barn gæti til dæmis vonast eftir leikfangasíma, unglingsinn vonast eftir símtali frá sérstökum vini, hinn fullorðni gæti einfaldlega vonast eftir að síminn hætti algerlega að hringja.

Mig langar í dag að tala um vonina sem er hafin yfir hið smávægilega og beinist að von Ísraels,<sup>16</sup> hinni miklu von mannkyns, sjálfum lausnara okkar, Jesú Kristi.

Vonin er ekki vitneskja,<sup>17</sup> heldur varanlegt traust á að Drottinn muni uppfylla loforð sín til okkar. Hún er sannfæring um að ef við lifum samkvæmt lögmálum Guðs og orðum spámanna hans, munum við hljóta þráðar blessanir síðar.<sup>18</sup> Hún er að trúu og vænta þess að bænum

okkar verði svarað. Hún birtist í trausti, bjartsýni, ákafa, þolinmæði og þrautseigju.

Á máli fagnaðarerindisins er sú von örugg, óhagganleg og virk. Spámenn til forna töluðu um „staðfasta von”<sup>19</sup> og „lifandi von.”<sup>20</sup> Það er von sem vegsamar Guð með góðum verkum. Voninni fylgir gleði og hamingja.<sup>21</sup> Með von getum við sýnt „þolinmæði og [umborið] ... þrengingar [okkar].”<sup>22</sup>

## Það sem við vonumst eftir og það sem við vonum á

Það sem við vonumst *eftir* er oft það sem síðar verður. Ef við getum horft lengra en aðeins á jarðlífið og til þess sem bíður okkar eftir þetta líf. Er hægt að ímynda sér dýrðlegri framtíð en þá sem faðir okkar á himnum hefur búið okkur? Vegna fórnar Jesú Krists þurfum við ekki að óttast, því að við munum lifa um eilífð, aldrei smakka dauðann aftur.<sup>23</sup> Vegna óendanlegrar friðþægingar hans getum við hreinsast af synd og staðið hrein og heilög frammi fyrir dómgrindunum.<sup>24</sup> Frelsarinn er höfundur að sálhjálp okkar.<sup>25</sup>

Og hvers konar tilveru getum við vonast eftir? Þeir sem koma til Krists, iðrast synda sinna og lifa í trú munu að eilífu búa í friði. Hugsíð um verðmæti þessarar eilífu gjafar. Umkringd þeim sem við elskum, munum við kynnast merkingu hinnar algeru gleði, er við þroskumst í þekkingu og hamingju. Einu gildir hve dapurlegt líf okkar virðist nú, vegna lífs og fórnar Jesú Krists getum við vonast eftir og verið þess fullviss, að lok lífsbókar okkar mun fara fram úr björtustu væntingum okkar. “Það sem auga sá ekki og eyra heyrði ekki

og ekki kom upp í hjarta nokkurs manns, allt það sem Guð fyrirbjó þeim, er elska hann.”<sup>26</sup>

Það sem við vonum á styður okkur á daglegri göngu okkar. Það veitir okkur stuðning í raunum, freistingum og sorg. Allir hafa reynt vonbrigði og erfiðleika. Og vissulega virðist myrkrið stundum óbærilegt. Það er á þeim stundum sem guðlegar reglur hins endurreista fagnaðarerindis sem við vonum á, megna að halda okkur uppi þar til við göngum í ljósinu á ný.

Við vonum á Jesú Krist, góðvild Guðs, og opinberanir heilags anda, í vitneskjunni um bænheyrslu og bænarsvör. Vegna þess að Guð hefur verið trúur og efnt gefin loforð sín, getum við örugg vonað á loforð Guðs á líðandi stundu og á komandi tímum. Á erfiðum stundum getum við haldið fast í þá von að allt [muni] „vinna saman að velfarnaði [okkar],”<sup>27</sup> ef við fylgjum leiðsögn spámans Guðs. Slík tegund vonar á Guð, gæsku hans og kraft, lífga okkur með hugrekki í erfiðum vanda og veitir styrk þeim sem finnst þeim ógnað og umkringd ótta, efa og örvæntingu.

### **Vonin leiðir til góðra verka**

Við lærum að rækta vonina á sama hátt og við lærum að ganga, eitt skref í einu. Þegar við lærum ritningarnar, ræðum við himneskan föður, skuldbindum okkur því að halda Vísdomsorðið og greiðum fulla tíund, öðlumst við von.<sup>28</sup> Geta okkar eykst til að verða “auðugir að voninni í krafti heilags anda”<sup>29</sup> er við lifum eftir fagnaðarerindinu enn betur.

Þær stundir koma að við verðum að taka hugrökk ákvörðun um að vona, jafnvel þegar allt umhverfis

okkur virðist andstætt þeirri von. Líkt og faðir Abraham munum við „[trúa] með von, gegn von.”<sup>30</sup> Eða eins og einn rithöfundur lýsti því: „Á miðjum vetri [finnum við] innra með [okkur] ósigrandi sumar.”<sup>31</sup>

Trú, von og kærleikur uppfylla hvert annað og, eftir því sem maðurinn eflist, vaxa aðrir einnig. Vonin sprettur af trú,<sup>32</sup> því án trúar er engin von.<sup>33</sup> Á sama hátt sprettur trúin af von, því trúin er “fullvissa um það, sem menn vona.”<sup>34</sup>

Vonin er afgerandi bæði fyrir trú og kærleika. Þegar óhlýðni, vonbrigði og frestun herja á trúna, er það vonin sem styður hana. Þegar ráðleysi og óþolinmæði ögra kærleikanum, styrkir vonin ákvörðun okkar og hvetur okkur til að annast meðbræður okkar og systur án þess að vænta endurgjalds. Því skærari sem vonin er, því meiri verður trú okkar. Því sterkari sem von okkar er, því hreinni verður kærleikur okkar.

Það sem við vonumst *eftir* leiðir okkur til trúar, en það sem við vonum á, leiðir okkur til kærleika. Þetta þrennt – trúin, vonin og kærleikurinn<sup>35</sup> – vinnur saman, grundvallað á sannleika og ljósi hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists, og gerir okkur rík af góðum verkum.<sup>36</sup>

### **Von af eigin reynslu**

Í hvert sinn sem von rætist vekur hún traust og leiðir til stærri vonar. Ég get rifjað upp mörg tilvik í lífi mínu þar sem ég af eigin raun kynntist krafti vonar. Ég minnst bernskudaga sem fullir voru af ógnum og örvæntingu heimstyrjaldar, skorts á menntunarmöguleikum, lífshættulegum

heilsufarsaðstæðum á unglingsárum, og ögrun og vonleysi fjárleysis er ég upplifði sem flóttamaður. Það fordæmi móður minnar, jafnvel á erfiðustu stundunum, að halda áfram og sýna trú sína og von í verki, ekki aðeins áhyggjur og óskir, var mér og fjölskyldunni mikill stuðningur og veitti trú á að þáverandi aðstæður myndu víkja fyrir framtíðar blessunum.

Ég veit af þessari reynslu að það er fagnaðarerindi Jesú Krists og aðild að Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu sem styrkir trúna, veitir skærari von, og leiðir okkur til kærleika.

Vonin styður okkur í örvæntingunni. Vonin kennir að ástæða er til að fagna, jafnvel þegar allt virðist svart umhverfis okkur.

Með Jeremía boða ég: „Blessaður er sá maður ... sem reiðir sig á Drottin.”<sup>37</sup>

Með Jóel ber ég vitni um, að „Drottinn er athvarf sínum lýð og vígi Ísraelsmönnum.”<sup>38</sup>

Ég segi með Nefí: „Þess vegna verðið þér að sækja fram, staðfastir í Kristi, í fullkomnu vonarljósi og ást til Guðs og allra manna. Ef þér þess vegna sækið fram, endurnærðir af orði Krists og standið stöðugir allt til enda, sjá, þannig fórust föðurnum orð: Þér munuð öðlast eilíft líf.”<sup>39</sup>

Þetta er sú von sem við verðum að varðveita og rækta. Slík þroskuð von fæst í og fyrir frelsara okkar Jesú Krist, því að „hver sem hefur þessa von til hans hreinsar sjálfan sig, eins og Kristur er hreinn.”<sup>40</sup>

Drottinn hefur gefið okkur traustvekjandi boðskap um von: „Óttast ... ekki, litla hjörð.”<sup>41</sup> Guð

mun bíða með „opinn faðm til að taka á móti“<sup>42</sup> þeim sem láta af syndum sínum og halda áfram í trú, von og kærleika.

Og við alla sem þjást – við alla sem eru vonlitlir, áhyggjufullir, eða einmana – segi ég af kærleika og einlægri umhyggju fyrir ykkur, látið aldrei undan.

Gefist aldrei upp.

Leyfið aldrei örvæntingunni að sigra anda ykkar.

Umfaðmið og treystið á von Ísraels, því ást Guðssonarins smýgur í gegnum allt myrkur, mildar alla sorg, gleður sérhvert hjarta.

Um það ber ég vitni og veiti ykkur blessun mína í nafni Jesú Krists, amen.

#### HEIMILDIR

1. Róm 15:4.
2. Sjá Sálm 146:5.
3. Okv 13:12.
4. Sjá Moró 8:26.
5. Sjá Moró 7:41.
6. Sjá Kol 1:21–23.
7. Sjá Róm 15:13.
8. Sjá Sálm 33:22.
9. Sjá Róm 12:12.
10. Sjá Okv 10:28.
11. Sjá 1 Þess 5:8.
12. Sjá Hebr 11:1; Moró 7:40.
13. Sjá Hebr 6:19; Eter 12:4.
14. Sjá Eter 12:32; sjá einnig Róm 8:24.
15. 2 Ne 2:11.
16. Sjá Jer 17:13.
17. Sjá Róm 8:24.
18. Sjá K&S 59:23.

19. Alma 34:41.
20. 1 Pét 1:3.
21. Sjá Sálm 146:5.
22. Alma 34:41.
23. Sjá Alma 11:45.
24. Sjá 2 Nefí 2:6–10.
25. Sjá Hebr 5:9.
26. 1 Kor 2:9.
27. K&S 90:24.
28. Sjá Róm 15:14.
29. Róm 15:13.
30. Róm 4:18.
31. Albert Camus, í samant. Johns Bartlett, *Familiar Quotations*, 17. útg. (2002), 790.
32. Sjá Eter 12:4.
33. Sjá Moró 7:42.
34. Hebr 11:1.
35. Sjá Moró 10:20.
36. Sjá Alma 7:24.
37. Jer 17:7.
38. Jóel 3:16.
39. 2 Ne 31:20.
40. 1 Jóh 3:3.
41. K&S 6:34.
42. Sjá Morm 6:17.